

Meistaramót Íslands 11-14 ára

Skrifað af Frjálsípróttadeild
Þriðjudagur, 30 Maí 2017 23:31

Boðsbréf:

Frjálsípróttadeild Breiðabliks býður frjálsípróttafólk velkomið á Meistaramót Íslands 11- 14 ára sem haldið verður á Kópavogsvelli dagana **24. og 25. júní**.

Boðið verður uppá gistingu í Smáraskóla og morgunmat báða dagana, hvort tveggja gegn vægu gjaldi.

Laugardagskvöld bjóðum við til veislu, kvöldverður og skemmtidagskrá í Smáranum. Vonumst til að sjá virkilega marga keppendur (líka af höfuðborgarsvæðinu) og fylgifiska, verði verður stillt í hóf. Með þessu viljum við gefa fólki úr öllum áttum/félögum tækifæri til ánægjulegrar samveru – líka utan vallar .

Nánari upplýsingar um verð og fyrirkomulag ásamt skráningarformi fyrir kvöldvöku, mat og gistingu verður sent von bráðar.

Vonumst til að sjá sem flesta.

Með frjálsípróttakveðju,

Frjálsípróttadeild Breiðabliks